



Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþágna frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi

Mál nr. 314, þingskjal 318, 154. löggjafarþing 2023-2024

Umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins til umsagnar frumvarp innviðaráðherra til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál, þingskjal 318.

Undirritaður vill koma eftirfarandi á framfæri:

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafði innviðaráðuneytið samráð við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins við samningu þess, ásamt forsætisráðuneytinu, félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Skipulagsstofnun, Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg. Undirritaður telur frumvarpið vandað og vel undirbúið og falla þau atriði í því sem snerta slökkviliðið vel að þeim ábendingum sem við lögðum fram við smíði þess.

Reykjavík, 31. október 2023

F.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri

(rafræn undirritun á næstu síðu)

Undirritunarsíða

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
Jón Viðar Matthíasson



Undirritað af:
Jón Viðar Matthíasson
2807596279
Dags: 31.10.2023
Tími: 13:35:10
Ástæða: Sampykkt
Signet ID: 4fc4d103-d7bd-
4c0e-b96e-05ad4b4cd65c